

# Almannavarnir Árnassýslu

2. fundur **framkvæmdaráðs** Almannavarnarnefndar Árnassýslu, haldinn þriðjudaginn 24. nóvember. 2009 Kl: 13.24 að Hörðuvöllum 2, Selfossi

**Mættir: Ragnheiður Hergeirsdóttir, Jón G. Valgeirsson, Aldís Hafsteinsdóttir Kristján Einarsson, Ólafur Helgi Kjartansson, Oddur Árnason og Þorgrímur Óli Sigurðsson**

## Dagskrá:

### 1. Yfirlstur á áhættumati í Árnassýslu

Nefndarmenn lásu saman yfir drög að áhættumati sem lá fyrir fundinum. Nefndin hafði fengið Björn Pálsson f.v. forstöðumann Skjalasafns Árnesinga til að lesa drögin yfir og gera athugasemdir varðandi staðhætti, örnefni o.fl.

Yfirlstur Björns lá einnig fyrir fundinum.

Eftir skoðun var samþykkt að Ólafur tæki drögin og færi yfir textann með framsetningu í huga og frekari leiðréttingar.

Fram kom að huga þyrfti e.t.v. frekar að nokkrum atriðum sem setja mætti í skýrsluna:

- Fá mynd af skjálftum hjá Veðurstofu Íslands
- Flóðakort (Árni Snorrason, vatnamælingasvið)
- Flóð við Flúðir og Laugarás (Byggingarfulltrúi uppsveita)
- Hækkun sjávar v. Kötlugos
- Bakkafjörühöfn vegna eiturefnaflutninga um Suðurland
- Laugabakkar v. vatnsverndar
- Hverasvæðin ofan Hveragerði
- Hallkelshólar v. fiskeldisstöðvar.
- Vatnsverndarsvæði í Árnassýslu

**Kristján og Oddur munu afla gagna.**

**Samþykkt að hittast aftur í kjallara lögreglustöðvarinnar á Selfossi, 3. desember n.k. kl. 15.12**

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 15.15